

**Fundargerð**  
**338. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 22. mars 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Íslandsmeistaramót í iðn- og faggreinum
4. Lögfræðileg málefni
5. Kjaramál
  - Stofnanasamningar, staðan
  - Starfsmat Reykjavíkurborgar
  - Vinnuhópur um bókun 10 í síðasta kjarasamningi við ríkið
6. Fundir í Ósló
  - [EPN-](#)
  - [Norrænt mót-](#)
  - [Vinumarkaðsmódel](#)
7. Formannaráðsfundur BSRB
  - Ályktun tollvarða
  - [Sjá frétt](#)
8. Undirbúningur fyrir Fulltrúaþing SLFÍ
  - Reikningar
  - Nefndir
  - Skýrsla
9. Fjöldi útgefna leyfisbréfa sjúkraliða á ákveðnu árabili
10. Orlofsblaðið/orlofsmál

**Önnur mál**

## Dagskrá:

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Íslandsmeistaramót í iðn- og faggreinum

Farið var yfir gang Íslandsmótsins. Þrjú lið kepptu í hjúkrun/aðhlyningu liðskipta- og parkinssonsjúklinga. Mótið gekk mjög vel og sjúklingarnir/leikendur fóru á kostum. Umgjörðin um mótið allt var mjög góð og þeir sem komu að keppninni á vegum SLFÍ skiluðu sínu með miklum sóma. Gestum og gangandi var boðið upp á blóðþrýstingsmælingu, gjafir og upplýsingabækling og var nóg að gera varðandi alla þessa þætti. Ákveðið var að umbuna þeim sjálfboðaliðum sem mest hvíldi á varðandi mótið.

### 4. Lögmennt

GÖG gerði grein fyrir málflutningi í félagsdómi sem fór fram 3. mars. SLFÍ stefndi Eir/SFV vegna heimahjúkrunar á vegum Eirar, sem ekki hefur verið samið um eða fært inn í stofnanasamning. Niðurstaða liggur enn ekki fyrir.

KÁG fór yfir samskipti félagsins við stjórnendur Droplaugarstaða vegna auglýsingar eftir starfsfólki. Á auglýsingunni mátti skilja að auglýst væri eftir lækna- og/eða hjúkrunarnemum í sjúkraliðastörf og auk þess var auglýst eftir ófaglærðum í sjúkraliðastörf, en ekki auglýst eftir sjúkraliðum. Lögmaður félagsins kom að því máli þ.s. stjórnendum Droplaugarstaða var bent á að verið væri að brjóta lög með auglýsingunni og í framhaldi óskuðu þeir eftir rökstuðningi, sem sendur var á þá.

### 5. Kjaramál

- Farið var yfir stöðuna í vinnslu stofnanasamninga. Samningur við Heilsugæslu höfðuborgarsvæðisins er loks í höfn og samningur við Ás styrktarfélag. Áfram er unnið að því að klára samninga við HSU, HSN, HVest, HSS, FAAS, SPOEX, Skálatún og MS félagið.
- Starfsmati hjá Reykjavíkurborg er lokið og er komið inn á starfsmat.is. Deilt var um mat á sjúkraliðum í heimahjúkrun, en félagið hafði undir höndum frá matsfulltrúum borgarinnar mismunandi mat 209 stig og 229 stig. Í ljós kom eftir miklar þrætur að rétta matið er 209 stig. Starfsmatsniðurstöðurnar verða kynntar í næstu viku.
- KÁG gerði grein fyrir vinnu Stýrihóps vegna úttektar á framkvæmd greinar 2.6.4 í kjarasamningum um lengd vakta. Farið var yfir fund sem var í morgun þ.s. rætt var um eftirfylgni niðurstaðna. Ákveðið var að senda greinargerðarnar á HSS og HSA og fylgja þeim eftir með kynningarfundum stýrihóps og stjórnenda. Í boði væri að veita ákveðinn fjárhagsstuðning ef stjórnendur HSS telja að kostnaður verði af því að bregðast við og bæta starfsumhverfið. Ákveðið að bjóða HSA stuðning til að vinna í að starfsandinn á ákveðnum vinnusvæðum verði eflur. Á fundinn í dag mætti viðbótarfulltrúi frá Velferðarráðuneytinu, sem mun áfram vinna með hópnum

## 6. Fundir í Ósló

- KÁG gerði grein fyrir umræðunni á stjórnarfundum EPN, sem haldinn var í Ósló 1. febrúar 2017. [EPN-](#) Á fundinum kom m.a. fram að Danir væru að hætta í EPN eða hluti þeirra. Einnig var rætt um menntun sjúkraliða og þróun hennar. Næsta ráðstefna EPN verður í Færeyjum 4. til 6. júní 2018.
- Einnig var farið yfir fund sem var í Ósló 8. mars þ.s. rætt var um hugsanlegt Norðurlandamót í hjúkrun. Fram kom að mikil jákvæðni er varðandi slíkt mót, en áfram verður unnið með málið og stefnt að fundi á komandi hausti á Íslandi. [Norrænt mót-](#) Rætt var um að ef fundurinn verður á Íslandi næsta haust eigi að bjóða fulltrúum frá skólunum á fundinn.
- Gerð var grein fyrir fundi með Helge Sørle sérfræðingi hjá Fagforbundet, sem haldinn var 9. mars í Ósló þ.s. farið var yfir „norska vinnumarkaðsmódelið“ og það rætt frá öllum/mörgum hliðum. KÁG og GÖG fóru yfir samantekt af fundinum helstu þætti í norska módelinu. [Vinnumarkaðsmódel](#)

## 7. Formannaráðsfundur BSRB

KÁG fór yfir umræðuna á formannaráðsfundinum og það sem helst var rætt. Einnig var farið yfir mjög hvassa ályktun frá aðalfundi Tollvarðafélags Íslands, en í henni kemur m.s. fram vantraust á stjórn og formann BSRB og þá sérstaklega vegna framgangs forystunnar í lífeyrismálum opinberra starfsmanna. [Sjá frétt](#) Mikil umræða var um málið.

## 8. Undirbúningur fyrir Fulltrúaþing

Farið var yfir reikninga félagsins og helstu liðir skoðaðir og ræddir. Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ fór yfir vinnu Uppstillingarnefndar og einnig kom fram búið væri að óska eftir skýrslum frá öllum starfsnefndum, en einungis hefur borist skýrsla frá kjaramálanefnd. KÁG fór yfir að Ársskýrslan yrði unni í samstarfi við Elías Snæland Jónsson ritsjóra blaðs félagsins, en hann hefur áður komið að vinnslu skýrslunnar.

## 9. Fjöldi útgefna leyfisbréfa sjúkraliða á ákveðnu árabili

KÁG fór yfir skjal þ.s. fram kom fjöldi útskrifaðra sjúkraliða með leyfisbréf frá árinu 1955 til 2017. Á þeim tölum má merkja mjög mikla sveiflur í útgáfu leyfisbréfa sjúkraliða. [Sjá upplýsingar](#)

## 10. Orlofsblaðið

GÖG sagði frá að Orlofsblað SLFÍ er klárt og á leið í dreifingu. Vandað og viðamikilið blað með fjölbreyttum orlofkostum og tilboðum.

## Önnur mál

- Félagsskírteinin eru farin út til félagsmanna. Farið var yfir til hvers skírteinið nýtist og einnig rætt um uppbyggingu á rafrænum „mínum síðum“ fyrir félagsmenn SLFÍ þ.s. helstu upplýsingar varðandi stöðu félagsmanna o.fl. Kerfið er í vinnslu og mun fljótlega verða klárt.

- Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ aflaði upplýsinga varðandi greiðslur/umbun fyrir fundarsetu hjá öðrum félögum. Greiðslur þar fylgja launaþróun.
- Siðareglurnar hafa verið prentaðar og eru klárar.
- Byggingafélag ASÍ og BSRB hafa fengið úthlutað lóðum í Reykjavík.
- KÁG fór yfir að búið væri að senda bréf á Styrktarsjóð BSRB þ.s. spurt var hvort félög geti verið aðilar að sjóðnum án aðildar að BSRB.

Fundi slitið kl. 17.50